

Sp.

70. Tillaga til þingsályktunar

um skömmtn afengis.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að tekin verði upp skömmtn á afengi svo fljótt sem auðið er, þó ekki síðar en 1. janúar 1947.

Skömmtnunin skal ná til allra afengra drykkja, er afengisverzlun ríkisins selur, svo og afengis, sem selt er í veitingahúsum. Áfengi, sem eingöngu er notað til lyfja, sbr. 1. tölulið 10. gr. afengislaga, nr. 33 1935, skal þó undanþegið skömmtnuninni.

Greinargerð.

Öllum hugsandi mönnum mun vera hin mikla og sívaxandi afengisnautn þjóðarinnar áhyggjuefni. Fjöldi manna veiklast líkamlega og andlega af völdum afengisnautnar. Afbrot fara mjög í vöxt, einkum meðal æskumanna. Hraustir menn hverfa voveiflega. Lifshamingja ótaldrá einstaklinga og heimila fer í mola. Árlega er með ýmsum hætti mörgum mannlífum fórnað beint og óbeint á altari óreglunnar. Slíkan skatt geldur þjóð vor Bakkusi um þessar mundir.

Ekki er glæsilegra um að litast, ef skoðuð er fjárhagshlið málsins. Tugmilljónum króna er árlega sóað fyrir afengi. Þær fjárhæðir, sem árlega tapast einstaklingum og stofnunum vegna minni afkasta við störf og iðjuleysis af völdum vins, eru ekki í tölum taldar. Þá er og vitanlegt, að verja þarf af þjóðfélagsins hálfu miklu hærrí fjárhæðum en ella til heilsuverndar og hjúkrunar vegna ofnautnar afengra drykkja. Enn fremur þarf þjóðfélagið iðulega að ala önn fyrir fjölskyldum þeirra að meira eða minna leyti, sem verst hafa orðið úti af völdum drykkjuskaparins.

Það verður því að teljast þjóðarnauðsyn, að ríkisvaldið hefjist handa um að draga sem mest úr því böli, sem óhófleg afengisneyzla hefur leitt yfir þjóðina. Æskilegast væri, að allt afengi yrði nú þegar gert landrækt, en margra hluta vegna mun þess varla kostur á næstunni. Hins vegar ætti að vera tiltölulega auðvelt að draga stórlega úr ofnautn afengis með því að koma á skömmtn allra vínfanga. Allt veltur vitanlega á því að búa svo um hnútana, að erfitt eða ókleift reynist að komast fram hjá þeim fyrirmælum, sem sett yrðu um skömmtnunina, og að árlegur skammtur sé hafður sem minnstur. Ef veitingahús hefur vín á boðstólum með leyfi stjórnarvalda, verður skömmtnunin einnig að ná til þess.

Gefa ætti út afengisbækur á svipaðan hátt og orlofs- eða vegabréfabækur. Þegar afengisbók er tekin í notkun, ætti mynd af eiganda að vera fest í hana. Enginn ætti að fá afengisbók og þar með heimild til að kaupa afengi yngri en 21 árs, enda er það í samræmi við fyrirmæli 13. greinar afengislaganna. Þar, sem afengisútsölur eru starfandi, ætti bókareiganda einum að vera heimilt að fá afengi afhent út á bók sína. Þurfi að fá það sent frá fjarlægri afengissölu, gæti kaupandi látið vottorð frá næsta yfirvaldi, er sýndi, að hann ætti rétt á umbeðnu afengi, fylgja pöntuninni. Að sjálfsögðu ætti að gera ráð fyrir því, að hægt væri að svipta menn rétti til afengisbókar, og kæmu þar til greina menn, sem á einn eða annan hátt gæta ekki almenns velsæmis við notkun afengra drykkja.

Vitanlega þarf nokkurn undirbúning til að taka upp þessa skipan, um almenna afgreiðslu allra vínfanga, sem einkum er fólgin í því að setja reglur um skömmtnunina og prenta afengisbækur. Hér er því gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi nokkurn frest til framkvæmda, en þó ekki lengri en til næstu áramóta.